

2. Fundur

Haldinn að Hótel Borg, fimmtudaginn 9. júlí 1964 kl. 15:30, í framhaldi af fundi ráðsins þriðjudaginn 7. júlí.

Fundinn sátu Lúðvíg Hjálmtýsson, Albert Guðmundsson, Sigurður Magnússon, Ágúst Hafberg, Sigurlaugur Þorkelsson, Njáll Símonarson, Pétur Daníelsson, Lárus Ottesen og Haukur Einarsson.

I. Formaður og varaformaður skýrðu frá niðurstöðum af umræðum sem þeir höfðu átt við Þorgeir Pétursson, veitingamann í Hvítársíðu til þess að afla nánari upplýsinga sem nauðsynlegar þóttu vegna lánbeiðni hans að upphæð kr. 700 þúsund til þess að ljúka smíði veitingaskálans við Hvítárbrú. Gert var uppkast að bréfi til Samgöngumálaráðuneytisins er fundarmenn samþykktu samhljóða að senda ráðuneytinu sem afgreiðslu Ferðamálaráðs á málinu. Er afrit bréfsins lagt með fundargerð sem fylgiskjal.

Fleira ekki gert.